

Þorsteinssonar fyrir til löglegrar skipta-meðferðar og leiða það til lykta.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 18. júlímán.

Nr. 31/1887.

Halldór Daníelsson
gegn
Jóni Ólafssyni.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar, upp kveðnum 31. marzmán. þ. ár, er hinn stefndi, alþingismaður Jón Ólafsson, dæmdur í 50 kr. sekt til landsjóðs eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi greiðist í ákveðinn tíma, fyrir meiðandi ummæli um sækjandann, Halldór Daníelsson bæjarfógeta, er voru í auglýsingu með nafni stefnda undir í 55. blaði af 38. árgangi »Þjóðólfs«; hin meiðandi ummæli, er voru efni sakarinnar, voru dæmd dauð og marklaus, og allur kostnaður málsins, sem var gjafsóknarmál af hálfu sækjanda, var lagður á hinn stefnda að meðtöldum málflutningslaunum, 10 kr. til hins skipaða málsfærslumanns sækjanda í hjerði, yfirkennara H. Kr. Friðrikssonar. Dómi þessum hefur sækjandinn að fenginni gjafsókn áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. maímán. þ. ár, og krafist þess, að hann verði að öllu leyti staðfestur, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað, eins og málið eigi væri gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningslaun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjandans fyrir yfirdómi, og að hinn stefndi verði sektaður fyrir þarflausan drátt á málinu.

Hinn stefndi hefur aptur krafizt þess, að máli þessu verði frá vísað fyrir þá skuld, að undirdómaranum, er dæmdi í málinu, hafi eigi verið stefnt með áfrýjunarstefnunni, og hún enda alls eigi birt fyrir honum, og hefur hann jafnframt heimtað sjer tildæmdar 15 krónur eða einhverja nægilega upphæð í kost og tæringu. En þessi krafa verður eigi tekin til greina, með því að undirdómarinn hefur lýst því yfir, að hann hafi frá fallið rjetti sínum til að vera stefnt í málinu við áfrýjun þess, og hefur þessi yfirlýsing hans verið lögð fram fyrir yfirdóminum, en á því leikur enginn efi, að gagnvart stefnda hefur slík yfirlýsing hina sömu þýðingu, eins og að undirdómaranum hefði verið stefnt með áfrýjunarstefnunni, og hún birt fyrir honum á venjulegan hátt. Hinn stefndi hefur óskað að fá frekari frest í málinu, svo framarlega því yrði ekki frá vísað, til þess að koma fram með ítarlegri útlistun um aðalefni þess, en eptir málavöxtum er eigi ástæða til þess, að veita hinn umbeðna frest gegn mótmælum áfrýjanda, og með því að hinn stefndi eigi hefur gagn-áfrýjað málinu, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild hans.— Það pykir eigi ástæða til þess, að sekta hinn stefnda fyrir drátt á málinu eptir kröfu áfrýjanda, og að því er snertir málskostnað fyrir yfirdómi, þá virðist hann eiga að falla niður, því að þótt hinn stefndi, eins og sjest af skjölum málsins, áfrýjaði sökinni af sinni hálfu til yfirdómsins, þannig að hún átti að falla í rjett hinn 4. júlímán. þ. ár, þá verður þessi áfrýjunarfrestur engan veginn kallaður óhæfilega langur, nje heldur sagt, að sækjanda hafi fyrir þá sök verið sá einn kostur nauðugur, að áfrýja málinu til staðfestingar. Málsfærslulaun

hins skipaða talsmanns áfrýjandans, er ákveðast 10 krónur, greiðist af almanna-fje.

Sókn málsins bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður, og laun hins skipaða málsfærslumanns áfrýjandans, Halldórs yfirkennara Friðrikssónar, að upphæð 10 krónur, greiðist af almanna-fje.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 12/1887.

H. O. Fischer
 gegn
 Concordíu Gísladóttur.

D ó m u r :

Hinn 21. dag ágústmán. 1886 var í máli því, sem hjer er áfrýjað, fyrir gestarjetti að Súðavík í Ísafjarðarsýslu kveðinn upp sá dómur, að málinu, sem H. O. Fischer kaupmaður á Ísafirði hafði höfðað gegn Concordíu Gísladóttur á Tröð út af verzlunarskuld, skyldi vísað frá rjettinum, og var málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur kaupmaður H. O. Fischer skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. febr. 1887, og krafizt, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim í hjerað til dóms-áleggingar í aðal-efninu, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi